



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. október 2014.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um úrskurðarnefnd velferðarmála, 144. löggjafarþing 2014 - 2015. Þingskjal nr. 233 – 207. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist ofangreint lagafrumvarp til umsagnar..

MRSÍ telur það ætíð af hinu góða að ríkið geri ráðstafanir til þess að vinna betur að ákveðnum málaflokkum og auka skilvirkni stjórnvalda en bendir þó á að það er mikilvægt við hagræðingu og endurskipulagningu að ljóst sé að hún verði raunverulega til þess að bæta ástand mála.

Með lagafrumvarpinu er lagt til að sameina sjö úrskurðar- og kærunefndir í eina. Þannig mun því starfa ein nefnd með níu nefndarmönnum í stað sjö nefnda með 21 nefndarmönnum. Af þessum níu nefndarmönnum verða þrír í í föstu starfi og þar af einn forstöðumaður úrskurðarnefndarinnar. Einnig munu þeir starfsmenn sem starfað hafa við nefndirnar sem starfsmenn ráðuneytisins og jafnframt sinnt öðrum störfum nú verða starfsmenn úrskurðarnefndar velferðarmála. Samræma á málsmeðferðarreglur og auka sjálfstæði úrskurðarnefndarinnar með því að færa hana út úr ráðuneytinu. Með þessu á skv. athugasemdum með frumvarpinu að ná fram aukinni framleiðni og skilvirkni í ríkisrekstri í samræmi við tillögur hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar frá 11. nóvember 2013.

MRSÍ fagnar því að aukið verði á skilvirkni úrskurðar- og kærunefnda velferðarráðuneytisins en vill koma á framfæri áhyggjum sínum af því að með þessu verða sameinaðar sjö nefndir sem starfa á afar breiðum og ólíkum grundvelli. MRSÍ telur að það geti verið erfitt fyrir nefndarmenn og starfsmenn nefndarinnar að ná utan um alla þessa málaflokka og að hætt sé við því að ekki sé fyrir hendi fullnægjandi sérfræðiþekking þeirra nefndarmanna sem koma til með að taka ákvörðun í svo margvíslegum og mismunandi málum. Telur MRSÍ það skoðunarvert hvort það geti samræmst góðum stjórnsýsluháttum og hvort það veiti nægilegt réttaröryggi fyrir hinn almenna borgara sem leitar réttar síns í stjórnsýslunni.

MRSÍ telur afar mikilvægt að við skipun í nefndina verði lögð áhersla á að finna nefndarmenn sem hafi nauðsynlega sérþekkingu á þeim sviðum sem úrskurðarnefndinni er ætlað að fjalla um, líkt og kemur fram í 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Enn fremur er nauðsyn að vanda val á starfsfólki úrskurðarnefndarinnar og mikilvægt að það hafi sérþekkingu á þeim málum sem þeim er ætlað að vinna að fyrir hana.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Jóna Aðalheiður Pálmadóttir, lögfræðingur